

Fimmtudaginn 30. mars 1995.

Nr. 101/1995. **Málflutningsstofan sf.**

(Jónatan Sveinsson hrl.)

gegn

**Steini Oddgeiri Sigurjónssyni**

(Benedikt Ólason hdl.)

Kærumál. Fjárnám. Skuldabréf.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason og Markús Sigurbjörnsson og Arnljótur Björnsson, settur hæstaréttardómari.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með kæru 10. mars 1995, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 22. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Norðurlands eystra, sem kveðinn var upp 20. febrúar 1995. Kæruheimild er í 3. mgr. 95. gr. laga nr. 90/1989 um aðför, sbr. 102. gr. laga nr. 92/1991.

Sóknaraðili krefst þess aðallega, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og fallist verði á kröfu sína í héraði um, að staðfest verði fjárnámsgerð, sem fór fram hjá varnaraðila 11. ágúst 1993, að því leyti, sem hún varðar málskostnað, að fjárhæð 66.174 krónur. Hann krefst og málskostnaðar í héraði.

Til vara krefst hann þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið, að því er varðar málskostnað. Í báðum tilvikum krefst hann kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðila.

Svo sem fyrr segir, krefst sóknaraðili staðfestingar á fjárnámi, sem fram fór hjá varnaraðila á grundvelli skuldabréfs án undangengins dóms eða sáttar, sbr. 7. tölulið 1. mgr. 1. gr. laga nr. 90/1989, að því er varðar kröfu um málskostnað. Að öðru leyti hefur sóknaraðili fallið frá þeim kröfum á hendur varnaraðila, sem fjárnámið var gert fyrir. Eftir að fjárnámið var gert, var leitt í ljós, að nafnritun varnaraðila á skuldabréfið, sem sóknaraðili reisir heimild sína til aðfarar að öllu leyti á, var fölsuð. Sóknaraðili telur varnaraðila hafa sýnt af sér aðgerðaleysi um að halda fram mótbárum sínum gegn

skuldabréfinu og þar með stuðlað að því, að sóknaraðili héldi að ástæðulausu uppi tilraunum til að innheimta kröfur samkvæmt bréfinu. Hafi þannig fallið til málskostnaður, sem komast hefði mátt hjá, og telur sóknaraðili sig eiga rétt til að fá hann greiddan úr hendi varnaraðila.

Eins og mál þetta liggur fyrir, er aðeins til úrlausnar, hvort sóknaraðili hafi notið lögmætrar heimildar til að fá gert fjárnám hjá varnaraðila, en ekki, hvort sóknaraðili geti kafið varnaraðila um batur vegna tjóns, sem fyrrnefnt aðgerðaleysi hans kann að hafa leitt til. Fráleitt er, að réttur til fjárnáms án undangengins dóms eða sáttar hjá varnaraðila verði reistur á skuldabréfi, sem óumdeilt er, að nafnritun varnaraðila hafi verið fölsuð á. Ber samkvæmt þessu og að öðru leyti með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar að staðfesta hann.

Sóknaraðila ber að greiða varnaraðila kærumálskostnað, svo sem greinir í dómsorði.

#### D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Sóknaraðili, Málflutningsstofan sf., greiði varnaraðila, Steini Oddgeiri Sigurjónssyni, 60.000 krónur í kærumálskostnað.

#### **Úrskurður Héraðsdóms Norðurlands eystra 20. febrúar 1995.**

Mál þetta, sem barst dóminum 16. september 1993, var tekið til úrskurðar 3. febrúar 1995 að undangengnum munnlegum málflutningi. Sóknaraðili er Steinn Oddgeir Sigurjónsson, kt. 220554-3929, Eikarlundi 20, Akureyri. Varnaraðili er Málflutningsstofan sf., kt. 460886-1399, Kringlunni 6, Reykjavík. Sóknaraðili krefst þess, að ógilt verði með úrskurði fjárnámssgerð sýslumannsins á Akureyri nr. 24/1993/01007, sem fram fór hjá honum að kröfu varnaraðila 11. ágúst 1993, þar sem fjárnumin var fasteignin Eikarlundur 20 ásamt bílskúr, Akureyri, til tryggingar kröfu, að fjárhæð 203.422 kr. Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi varnaraðila skv. fram lögðum reikningi.

Endanlegar kröfur varnaraðila eru þær, að ofangreind fjárnámssgerð verði staðfest, hvað varðar þann hluta hennar, sem snýr að málskostnaði vegna málsins, 66.174 kr. Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi sóknaraðila eftir mati dómsins.

Við meðferð málsins hefur sóknaraðili gefið skýrslu hér fyrir dómi.

Málavextir eru þeir, að miðvikudaginn 11. ágúst 1993 tók Björn Rögnvaldsson, fulltrúi sýslumannsins á Akureyri, fyrir aðfarargerð nr. 24/1993/01007. Gerðarbeiðandi var varnaraðili máls þessa, en sóknaraðili málsins var gerðarþoli. Aðfararheimild var skuldabréf, að fjárhæð 142.773 kr., sem bar með sér að vera út gefið til handhafa í Reykjavík 19. maí 1992 af Guðmundu Jóhannsdóttur, en með sjálfskuldarábyrgð varnaraðila. Krafa varnaraðila á grundvelli bréfsins, 203.422 kr., var sundurliðuð þannig í beiðni um aðför:

|                                      |     |         |
|--------------------------------------|-----|---------|
| Höfuðstóll, gjaldfelldur.....        | kr. | 142.773 |
| Samningsvextir til 16. 10. 1992..... | –   | 7.218   |
| Dráttarvextir til 5. 7. 1993 .....   | –   | 18.039  |
| Banka- og stimpilkostnaður.....      | –   | 885     |
| Innheimtuþóknun .....                | –   | 23.131  |
| Málkostnaður .....                   | –   | 1.720   |
| Fjárnámsbeiðni .....                 | –   | 2.828   |
| Kostnaður vegna fjárnáms.....        | –   | 6.521   |
| Vextir af kostnaði .....             | –   | 307     |

auk áfallandi dráttarvaxta skv. vaxtalögum nr. 25/1987 til greiðsludags og alls kostnaðar af frekari fullnustugerðum.

Við aðfarargerðina voru lögð fram gögn um, að sóknaraðila hefði verið birt greiðsluáskorun vegna skuldarinnar 1. mars 1993, svo og, að honum hefði verið birt boðun sýslumanns til gerðarinnar 29. júlí 1993.

Sóknaraðili var við gerðina ásamt lögmanni og mótmælti því, að hún færi fram, þar sem nafnritun sín á bréfið væri fölsuð. Hefði sér verið ókunnugt um tilvist þess, þar til krafa barst frá lögmanni varnaraðila, og hefði hann þá þegar tilkynnt honum um fölsunina. Umboðsmaður varnaraðila við gerðina mótmælti því, að nafn sóknaraðila væri augljóslega falsað, og krafðist þess, að gerðin færi fram. Mótmælti hann því, að skrifstofu varnaraðila hefði sannanlega verið tilkynnt um fölsunina, kvaðst telja aðfararheimild án annmarka, hún fullnægði skilyrðum í 7. tl. 1. gr. aðfararlaga, og fullyrðing sóknaraðila um fölsun væri órökstudd. Vísaði hann til 27. gr. laganna og að úrlausnarefnið ætti undir héraðsdóm, þar sem unnt væri að koma að þeim gögnum, sem máli skiptu.

Fulltrúi sýslumanns ákvað, að gerðin færi fram, og var gert fjárnám fyrir kröfu varnaraðila í fasteigninni Eikarlundi 20 ásamt bílskúr, Akureyri. Samdægurs gaf sóknaraðili sig fram við lögregluna á Akureyri og kærði ætlaða fölsun. Varnaraðili krafðist nauðungarsölu á hinni fjárnumdu eign með bréfi, dagsettu 16. september 1993.

Með dómi Héraðsdóms Norðurlands eystra, upp kveðnum 20. október

1994, í málinu nr. S-35/1994, sem ríkissaksóknari höfðaði með ákæruskjali, út gefnu 22. mars 1994, var útgefandi ofangreinds skuldabréfs sakfelldur fyrir að hafa falsað nafnritun sóknaraðila á það.

Sóknaraðili lýsir málavöxtum svo í greinargerð, sem lögð var fram í málinu 21. október 1993, að þegar honum barst greiðsluáskorun frá varnaraðila, sem birt var 1. mars 1993, hafi hann þegar haft samband við varnaraðila og tjáð honum, að hann kannaðist ekki við að hafa gengið í sjálfskuldarábyrgð fyrir skuldinni, og hefði hann aldrei áður heyrt á skuldabréfið minnst. Málið hafi þá legið niðri um hríð og hann haldið, að þessi misskilningur væri úr sögunni og málinu þar með lokið, en hann síðan verið boðaður til ofangreinds fjárnáms og þá leitað aðstoðar lögmanns. Hann kveðst ekkert hafa til saka unnið í máli þessu og orðið að leita sér sérfræðiaðstoðar til að standa á rétti sínum gagnvart varnaraðila og beri af því nokkurn kostnað. Almenn skaðabótasjónarmið leiði til þess, að hann eigi að fá það tjón sitt bætt, og sé málskostnaðarkrafan studd þeim rökum ásamt því, sem vitnað sé til 130. gr. laga nr. 91/1991.

Í greinargerð varnaraðila, sem lögð var fram í málinu 11. nóvember 1993, krafðist hann þess aðallega, að aðfarargerðin yrði staðfest, þar sem ekkert hefði ennþá fram komið, sem leiddi til þess, að hana mætti ógilda. Frá þessari kröfu féll varnaraðili við munnlegan flutning málsins með vísan til ofangreinds dóms.

Varnaraðili mótmælir því, að sóknaraðili hafi í framhaldi af birtingu greiðsluáskorunar 1. mars 1993 tilkynnt varnaraðila, að hann kannaðist ekki við undirskrift á bréfinu. Á skrifstofu varnaraðila kannist enginn við að hafa fengið slíka tilkynningu, hvorki símleiðis né með öðrum hætti.

Endanlegar kröfur sínar í málinu styður varnaraðili því, að þegar hin umdeilda fjárnámserð fór fram, hafi ekkert það verið fram komið í málinu, sem benti til fölsunar, og því sé mótmælt, að augljóst hafi verið, að skuldabréfið hafi verið falsað. Hafi það fyrst komið fram af hálfu sóknaraðila við fyrirtöku aðfarargerðarinnar 11. ágúst 1993. Þá hafi verið búið að leggja vinnu í málið og stofna til kostnaðar við það. Í endurriti aðfarargerðarinnar komi fram, að hún hafi farið fram kl. 14.16 11. ágúst, en sóknaraðili hafi ekki lagt fram kærufyrir en kl. 15.22 sama dag. Verði þetta að teljast gáleysi í ljósi þess, að honum hafi verið fullkunnugt um innheimtuaðgerðir varnaraðila frá birtingu greiðsluáskorunar 1. mars 1993. Fullyrðir varnaraðili, að ef sóknaraðili hefði kært fölsun á skuldabréfinu án tafar eftir birtingu greiðsluáskorunar, hefði innheimtuaðgerðum verið frestað. Vegna gáleysis sóknaraðila hafi hins vegar verið lögð vinna í málið og stofnað til kostnaðar, og beri því að staðfesta þann hluta aðfarargerðarinnar, sem lýtur að öllum málskostnaði vegna hennar.

Eins og komið er fram hér að framan, er sú niðurstaða fengin í öðru dómsmáli, að nafnritun sóknaraðila á skuldabréf það, er lagt var fram sem aðfararheimild við framangreinda aðfarargerð, hafi verið fölsuð. Hefur ekki verið reynt að sýna fram á hið gagnstæða í þessu máli. Með vísan til 4. mgr. 116. gr. laga nr. 19/1991 verður því við það miðað, að nafnritunin sé fölsuð. Skuldabréfið er samkvæmt því ekki gild heimild til aðfarar á hendur sóknaraðila, hvorki til tryggingar kröfu samkvæmt því sjálfu né fylgikostnaði af því tagi, sem rakinn er í 2. mgr. 1. gr. laga nr. 90/1989. Ber þegar af þessari ástæðu að ógilda aðfarargerðina í heild.

Sóknaraðili var við aðfarargerðina og bar fyrir sig ofangreinda fölsun. Fór gerðin engu að síður fram þá þegar að kröfu varnaraðila. Með það í huga þykir skylt skv. 1. og 3. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991, sbr. 94. gr. laga nr. 90/1989, að taka til greina kröfu sóknaraðila um málskostnað úr hendi varnaraðila. Þykir hann hæfilega ákveðinn 60.000 kr., og hefur þá eigi verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

Úrskurð þennan kvað upp Erlingur Sigtryggsson fulltrúi.

#### Ú r s k u r ð a r o r ð:

Framangreind aðfarargerð, nr. 24/1993/01007, er felld úr gildi.

Varnaraðili, Málflutningsstofan sf., greiði sóknaraðila, Steini Oddgeiri Sigurjónssyni, 60.000 kr. í málskostnað.

---